

Afstemming virðisaukaskatts

Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts

Allir sem stunduðu virðisaukaskattsskylda starfsemi á síðasta ári skulu fylla út samanburðarskýrslu virðisaukaskatts - árs-sundurliðun (RSK 10.25) - og senda hana skattstjóra eða umboðsmanni hans með skattframtali 1995.

Að gefnu tilefni eru gjaldendur sérstaklega áminntir um að fylla út umbeðnar sundurliðanir samanburðarskýrslunnar, þ.e. sundurliðun annars vegar á skattskyldri veltu og annarri veltu eftir tegund sölu og atvinnugreinum og hins vegar sundurliðun á innskatti eftir tegund kostnaðar. Ef sundurliðanir eru ekki útfylltar eða þær ranglega útfylltar er skattstjóra rétt að krefjast skýringa á því og eftir atvikum kalla inn bók-hald o.fl.

Ef fram kemur mismunur á árssundurliðun skal fylla út leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.26), hvort sem um er að ræða jákvæðan eða neikvæðan mismun.

Eyðublöð þessi fylgja hér með, en auk þess fást þau hjá öllum skattstjórum.

Blönduð starfsemi - afstemming

Sérstakt eyðublað (RSK 10.27) er til nota fyrir þá sem hafa með höndum blandaða starfsemi (þ.e. starfsemi sem er að hluta virðisaukaskattsskyld og að hluta undanþegin virðisaukaskatti) og skipta virðisaukaskatti af innkaupum í hlutfalli við veltu, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt. Eyðublað þetta skal nota til afstemmingar á innskattsfrádrætti ársins 1994.

Niðurstöðutölu eyðublaðsins skal færa á virðisaukaskattsskýrslu tímabilsins nóvember - desember 1994.

Afstemmingareyðublaðinu skal skila til skattstjóra í síðasta lagi með tekjuskattsframtali. Sérstök athygli er vakin á því að bankar, pósthús og sparisjóðir veita eyðublaðinu ekki viðtöku.

Eyðublað þetta fæst hjá öllum skattstjórum.

VIRÐISAUKASKATTSSKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA